

1874.

11. apríl.

vísað tæðum vatnsveitingamanni til yðar, er hann kæmi til Íslands, til þess þér segið honum nákvæmar til um, hvert hann ætti að fara; jafnframt getum vér og þess, að dómsmálastjórnin hefir látið borga honum 36 rd. til ferðarinnar til Reykjavíkur, og mælumst til, að þér hlutist til um, að 50 rd. laun þau á mánuði, sem honum eru veitt, verði goldin honum við lok hvers mánaðar, og að þér sendið hingað, þegar að því kemur, skýrslu um, hvað mikið sé þannig greitt alls, svo gjörðar verði ráðstafanir til, að sá hluti launanna, sem hið konunglega landbústjórnfélag hefir heitið að leggja til, verði endurgoldinn af tæðu félagi. Sömu-
leiðis mælumst vér til, að þér sjáið um, að bústjórnfélag suður-
amtsins endurgjaldi landssjóðnum þá 36 rd., sem borgaðir voru
hér, með því að greiða þessa upphæð í jarðabókarsjóðinn.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til etatzráðs Hans A. Clausens, um gjald á brennivíni.

21. apríl.

Útaf bænarskrá nokkurri 28. f. m., þar sem þér, herra etatzráð, ásamt með fleirum öðrum íslenskum kaupmönnum, sækid um, að borga megí aðflutningsgjald það, sem lagt er á brennivín og aðra áfenga drykki með tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872, með þriggja mánaða ávísunum, sem borgist á Íslandi, og styðist við heimildarbréf frá vel metnum bönkum hér, gefum vér yður til vitundar, að dómsmálastjórnin er fús til þess að verða við ósk þessari með því móti, að yður leyfist, með ábyrgð ein-
hvers áreiðanlegs bánka hér í borginni, að greiða tæð gjald með þriggja mánaða víxlbréfum, sem fulltrúar yðar á verzlunarstöðunum gefi út uppá sjálfa sig, en víxlbrèfið má ekki hljóða uppá meira fê, en hlutaðeigandi bánki ábyrgist, og skal tiltekið í víxlbrèfinu, að upphæðin greiðist á Íslandi; enn fremur er það vitaskuld, að greiða skuli af-
náms rentu sem samsvari 4 af hundraði á ári, og ef hlutaðeigandi kaup-
maður hefir verzlunarstaði í ýmsum lögsagnarumdæmum á Ís-
landi, skal skýra dómsmálastjórninni skýlaust frá, uppá hve mikið

1874.
21. apríl. fê gefin verði út víxlbrêf í hverju umdæmi, svo hlutaðeigandi lögreglustjóra verði sagt fyrir það, sem með þarf, í þessu tilliti.

15. maí. **31. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir embættisferð læknis.**

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutaðeigandi amtmaður og sýslumaður hafa mælt fram með, þar sem héraðslæknir F. Zeuthen sækir um, að sêr verði veitt endurgjald af læknasjóðnum íslenzka fyrir embættisferð, er hann fór sem settur héraðslæknir í fyrra sumar til Skaptafellssýslu, samkvæmt brêfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar 1871¹, hafið þêr herra landshöfðingi, í brêfi 10. febrúar þ. á. stungið uppá, að veita megi sækjandanum, sem hefir haft talsverðan kostnað við ferð þessa, 25 rd. endurgjald af têðum sjóði.

Útaf þessu gefum vêr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þêr birtið það, að dómsmálastjórnin eptir því hvernig ástatt er, leyfir, að greiða megi hlutaðeiganda 25 rd. úr læknasjóðnum eins og þêr hafið stungið uppá.

19. maí. **32. Brêf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.**

Í brêfi, dagsettu 31. dag janúarm., hafið þêr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að sökum þess, að reikningar póstaðgreiðslumanna fyrir sjöundu og að nokkru leyti fyrir sjöttu póstferð á árinu 1873 eigi hefði verið komnir innan loka janúarm., og að ekki væri von á þeim fyrir marzm., og svo af því, að eigi yrði búizt við aðalviðskiptareikningnum við póststjórnina dönsku fyrir árið, sem leið, fyr en í marzm., hefðið þêr eptir tilmælum póst-

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 131.